

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 11.02.2021

Fundarstaður: Gamla prentsmiðjan, Laugavegi 29B, 101 Reykjavík, kl 11:00.

Mætt: Haukur Már Haraldsson, Tryggvi Þór Agnarsson, Grímur Kolbeinsson, Hjörtur Guðnason og Katrín Jónsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. Staðan í Skálholti.
2. Fjármál.
3. Önnur mál.

1. Staðan í Skálholti:

Í næstu viku fara Haukur, Björn Georg og arkitekt austur í Skálholt til að skoða, mæla og hitta sr. Krstján. Þá ætti Björn að geta byrjað á sínum undirbúningi.

2. Fjármál:

Gjaldkeri hefur sent út bréf vegna félagsgjalda og hafa 42 félagar greitt. Síðan um næstu mánaðarmót munu verða sendir greiðsluseðlar í heimabanka. Staðan er frekar góð hjá félaginu en þurfum meiri stuðning um leið og framkvæmdir hefjast.

3. Önnur mál:

- a) Hjörtur skoðaði smádót sem okkur er boðið frá Prentúsinu og ætlum við að þiggja það.
- b) Haukur talaði við Þórleif hjá GuðjónÓ. Þar eru ýmsir smáhlutir sem fáum og hægt er að geyma í Gömlu prentsmiðjunni.
- c) Tækniminjasafn Austurland fær að láni nokkra hluti og tæki sem eru hjá GuðjónÓ, en þeir verða eignarmerktir Prentsögusetri.
- d) Katrín lagði áherslu á skrá upplýsingar um þá hluti sem við fáum af fremsta megni. Framkvæmdanefnd safnsins hefur að mestu legið niðri í faraldrinum, en fer að fara í gang aftur. Þar eru komnar hugmynd að sýningu sem sagt verður frá þegar samningar hafa tekist þar um.

Fundi slitið 11:50.